

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2016, miðvikudaginn 6. apríl kl. 9:02, var haldinn 143. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal.

Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Sverrir Bollason, Hildur Sverrisdóttir, Herdís Anna Þorvaldsdóttir og Ingvar Jónsson. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Nikulás Úlfar Másson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Ólafur Bjarnason og Marta Grettisdóttir.

Fundarritari er Björgvin Rafn Sigurðarson.

Þetta gerðist:

(E) Umhverfis- og samgöngumál

1. **Umhverfis- og skipulagssvið, vorhreinsun 2016**

Mál nr. US160084

Kynnt áætlun umhverfis- og skipulagssviðs að vorhreinsun í Reykjavík vorið 2016.
Kynnt.

Kl. 9:09 tekur Gísli Garðarsson sæti á fundinum.

Kl. 9:14 tekur Sigurborg Ó. Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi sæti á fundinum.

Hjalti J. Guðmundsson skrifstofustjóri og Björn Ingvarsson deildarstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

(A) Skipulagsmál

2. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð**

Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 1. apríl 2016.

3. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Kirkjugarður í Úlfarsfelli, breyting á aðalskipulagi og umhverfismat**

Mál nr. SN150141

Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, dags. 28. mars 2016 ásamt umhverfisskýrslu, dags. mars 2016 vegna nýs kirkjugarðs í Úlfarsfelli. Einnig er lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 20. janúar 2016. Lagt fram bréf Bláskógabyggðar, dags. 4. febrúar 2016, vegna bókunar byggðaráðs Bláskógarbyggðar frá 29. janúar 2016, bréf Umhverfisstofnunar, dags. 8. feb. 2016, bréf Hvalfjarðarsveitar, dags. 10. febrúar 2016, vegna bókunar umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefndar Hvalfjarðarsveitar frá 22. janúar 2016, umsögn svæðisskipulagsnefndar, dags. 26. janúar 2016, umsögn Mosfellsbæjar, dags. 10. febrúar 2016, umsögn Minjastofnunar, dags. 18. mars 2016

Samþykkt að auglýsa tillöguna samkvæmt 1.mgr. 31. gr. sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Sverrir Bollason vísar af fundi undir þessum lið.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. **Úlfarsfell, kirkjugarður, deiliskipulag**

(02.6)

Mál nr. SN150753

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi nýs kirkjugarðs í Úlfarsfelli, samkvæmt uppdrætti Landmótunar sf., dags. 5. apríl 2016. Einnig er lögð fram skýrsla Borgarsögusafns Reykjavíkur nr. 174 um fornleifaskráningu, dags. 2016, á deiliskipulagssvæði sem er hlut af jörðinni Lambhaga við Úlfarsfell.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísad til borgarráðs.

Sverrir Bollason vikur af fundi undir þessum lið.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

**5. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030,
RÚV reitur, breyting á aðalskipulagi**

Mál nr. SN150706

Lögð fram drög að lýsingu umhverfis- og skipulagssviðs, dags. nóvember 2015, að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem felst í breytingu á byggingarmagni, fjölda íbúða og landnotkun á RÚV reitnum. Einnig er lögð fram bókun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar frá 7. janúar 2016, umsögn Skipulagsstofnunar, dags. 8. janúar 2016, bókun hverfisráðs Háaleitis- og Bústaða frá 18. janúar 2016, umsögn skóla- og frístundasviðs, dags. 21. janúar 2016, bókun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar, dags. 3. mars 2016, bókun sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, dags. 10. mars 2016.

Einnig er lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi hvað varðar landnotkun, byggingarmagn og fjölda íbúða á RÚV svæði, dags. apríl 2016.

Samþykkt að auglýsa tillöguna samkvæmt 1.mgr. 31. gr. sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísad til borgarráðs.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Efstaleiti - RÚV reitur, deiliskipulag

(01.745.4)

Mál nr. SN150752

Lögð fram tillaga Arkþings ehf., dags. 1. apríl 2016, að deiliskipulagi sem nær til reita 1.745.4, 1.745.0 og 1.745.1 og afmarkast af Listabraut í norðri, Bústaðavegi í suðri, Efstaleiti í vestri og Háaleitisbraut í austri. Svæðið er í dag 5 lóðir, Efstaleiti 1, 3, 5, 7 og 9. Í tillögunni felst uppbygging á lóð RÚV við Efstaleiti og samliggjandi lóðum innan reitsins með þéttingu og gæði byggðar að leiðarljósi. Einnig er lögð fram greinargerð og skilmálar, dags. 1. janúar 2016.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísad til borgarráðs.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Kl. 10:15 vikur Sigurborg Ó. Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi af fundi.

**7. Suðurlandsbraut 58-64, 66, 68-70, 72, 74
og 76, tillaga að deiliskipulagi**

(01.471)

Mál nr. SN150665

610711-1030 Gláma/Kím ehf, Laugavegi 164, 105 Reykjavík

121258-2269 Sigbjörn Kjartansson, Kjartansgata 4, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Sigurbjörns Kjartanssonar, mótt. 2. nóvember 2015, ásamt tillögu að heildarendurskoðun deiliskipulags lóðanna Suðurlandsbraut 58-64, 66, 68-70, 72, 74 og 76. Tillagan felst í megin atriðum í því að sameinaðar eru þrjár

deiliskipulagsáætlanir og mótuð samfelld húsaröð, ein til fimm hæðir, meðfram Suðurlandsbraut. Á lóðunum nr 58-64 og 66 eru heimildir óbreyttar a.ö.l. en því að heimiluð er viðbygging við jarðhæð hússins nr 66 og gerð tengibyggingingar milli lóðanna 66 og 68-70. Lóðirnar Suðurlandsbraut 68 og 70 eru sameinaðar, stækkaðar og byggingarmagn aukið. Lóðirnar Suðurlandsbraut 72-76 eru stækkaðar lítillaga og byggingarmagni breytt í samræmi við það. Lega stíga er endurskoðuð og bætt við heimild til að gera hljóðmön og/eða vegg meðfram Miklubraut til að tryggja hljóðvist á lóðunum, samkvæmt deiliskipulags-, skýringar- og skuggavarpsuppd. Glámu Kím, dags. 4. apríl 2016. Einnig er lögð fram greinargerð Mannvits um hljóðvist, dags. 14. mars 2016.

Fulltrúar Glámu Kím arkitekta Sigbjörn Kjartansson og Silja Traustadóttir og Gísli Páll Pálsson, forstjóri Markar kynna.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. **Skeifan, lýsing, heildarendurskoðun** (01.46) Mál nr. SN160020
deiliskipulags

Að lokinni hagsmunaaðilakynningu er lögð fram að nýju lýsing vegna endurskoðunar deiliskipulagi Skeifunnar, dags. 1. febrúar 2016. Tillagan var kynnt frá 23. febrúar til og með 23. mars 2016. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Vesturgarður ehf., ÍSAM ehf. og Suzuki ehf., dags. 21. mars 2016, Bolli Bjarnason, dags. 22. mars 2016 og Ívar Pálsson hrl. hjá Landslögum f.h. SMI ehf., dags. 23. mars 2016.
Kynnt.

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. **HverfisSKIPULAG, Breiðholt 6.1 Neðra** (06.1) Mál nr. SN160263
Breiðholt, kynning

Kynning á drögum um framtíðarsýn hverfisSKIPULAGS Breiðholts hverfi 6.1, Neðra Breiðholt.
Kynnt.

Ævar Harðarson og Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjórar taka sæti á fundinum undir þessum lið.

10. **HverfisSKIPULAG, Breiðholt 6.2 Seljahverfi,** (06.2) Mál nr. SN160264
kynning

Kynning á drögum um framtíðarsýn hverfisSKIPULAGS Breiðholts hverfi 6.2, Seljahverfi.
Kynnt.

Ævar Harðarson og Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjórar taka sæti á fundinum undir þessum lið.

11. **HverfisSKIPULAG, Breiðholt 6.3 Efra** (06.3) Mál nr. SN160265
Breiðholt, kynning

Kynning á drögum um framtíðarsýn hverfisSKIPULAGS Breiðholts hverfi 6.3, Efra Breiðholt.
Kynnt.

Ævar Harðarson og Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjórar taka sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

12. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,**
Fundargerð

Mál nr. BN045423

Fylgiskjal með fundargerð þessari eru fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 869 frá 5. apríl 2016.

(C) Fyrirspurnir

13. **Kvosin, Landsímareitur, (fsp) breyting á** (01.140.4)
deiliskipulagi

Mál nr. SN160143

440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn THG arkitekta ehf., mótt. 25. febrúar 2016 varðandi breytingu á deiliskipulagi Landsímareits. Í breytingunni felst m.a. niðurrif viðbyggingar við landssímahúsið frá 1967, aðlögun gólfhæða og leyfa kjallara undir öllum húsum á reitnum, samkvæmt uppdr. THG arkitekta ehf., dags. 23. febrúar 2016. Einnig er lögð fram greinargerð THG arkitekta ehf., dags. 25. febrúar 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. mars 2016.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. mars 2016 samþykkt.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

14. **Reykjanesfólkvangur, fundargerðir og**
ársreikningur

Mál nr. US130107

Lögð fram fundargerð Reykjanesfólkvangs frá 16. mars 2016.

15. **Hverfisgata 29, bílastæði (USK2014040034)** (01.151.509)

Mál nr. US140100

551070-0269 Danska sendiráðið, Hverfisgötu 29, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf danska sendiráðsins dags. 6. maí 2014 varðandi bílastæði fyrir framan lóðina nr. 29 við Hverfisgötu. Einnig er lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 7. apríl 2014. Jafnframt er lagt fram bréf umhverfis- og skipuagssviðs, samgöngustjóra, dags. 29. mars 2016, þar sem lagt er til að danska sendiráðið fái til afnota 2 stæði efst í Smiðjustígnum.

Samþykkt.

16. **Sogavegur, lækkun á hámarkshraða**
(USK2016030051)

Mál nr. US160079

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 29. mars 2016, þar sem lagt er til að hámarkshraði verði lækkaður úr 50 km/klst í 30 km/klst á Sogavegi frá Breiðagerði að Réttarholtsvegi. Jafnframt verði gerðar upphækkaðar gönguleiðir yfir götuna m.a. fyrir börn á leið í skóla úr nýju íbúðarhverfi, sem fyrirhugað er að rísi norðan Sogavegar, samkvæmt tillögu, dags. 14. mars 2016.

Frestað.

17. **Vinnuskólinn 2016, laun**

Mál nr. US160081

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 1. apríl 2016 varðandi hækkun launa nemenda Vinnuskóla Reykjavíkur sumarið 2016.

Samþykkt.

Guðmundur B. Friðriksson skrifstofustjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

18. **Gjaldskrá og reglur um bílastæði í Reykjavík, tillögur starfshóps** Mál nr. US150247
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagðar fram að nýju tillögur starfshóps umhverfis- og skipulagssviðs að nýjum reglum um bílastæðagjald í Reykjavík unnar með hliðsjón af nýju aðalskipulagi. Einnig lögð fram tillaga að nýrri gjaldskrá fyrir bílastæði. Jafnframt er lögð fram umsögn bílastæðanefndar, dags. 11. febrúar 2016. Einnig er lagt fram minnisblað umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 11. mars 2016.

Samþykkt

Vísað til borgaráðs.

19. **Ársskýrsla byggingarfulltrúa, ársskýrsla 2015** Mál nr. SN160268

Lögð fram til kynningar ársskýrsla byggingarfulltrúa Reykjavíkur fyrir árið 2015.
Kynnt.

20. **Götuheiti - RÚV reitur, tillögur nafnanefndar** Mál nr. BN050862

Lögð fram fundargerð 43. fundar nafnanefndar frá 16. mars 2016 með tillögum að götuheitum á RÚV reit.
Frestað

21. **Lokun gatna fyrir bílaumferð í miðbænum, bréf** Mál nr. US160082

Lagt fram bréf Svövu Johansen, dags. 29. mars 2016, varðandi lokun gatna fyrir bílaumferð í miðbænum.
Vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs.

Hildur Gunnlaugsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

22. **Afnot af borgarlandi vegna viðvarandi viðburða sumarið 2016, tillaga** Mál nr. US160080

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 4. apríl 2016, varðandi afnot af borgarlandi vegna viðburða sumarið 2016. Einnig er lögð fram umsókn KSÍ, Símans, Landsbankans, Icelandair, N1, Vífilfells, Borgun og Íslenskrar Getraunar um aðstöðu á Ingólfstorgi til sýninga á leikjum á Evrópumeistaramótinu í knattspyrnu 2016, ódags., umsókn Guðmundar A. Guðmundssonar markaðsstjóra Nova, ódags. um þrjá viðburði innan borgarmarkanna, tölvupóstur Guðmundar A. Guðmundssonar markaðsstjóra Nova, dags. 16. mars 2016, bréf Magnúsar Ragnarssonar framkvæmdastjóra Miðla Og markaða til Nova, dags. 16. mars 2016, og tölvupóstur Ómars Smárássonar, dags. 21. mars 2016 ásamt skýringarmyndum.
Frestað.

Hildur Gunnlaugsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

23. **Kjalarnes, Þverárkot, bærinn verði skráður sem lögbýli** Mál nr. SN150667
230739-3909 Sveinn Sigurjónsson, Þverárkot, 116 Reykjavík
190475-6039 Kolbrún Anna Sveinsdóttir, Þrastarhöfði 6, 270 Mosfellsbær
- Lagt fram bréf Sveins Sigurjónssonar um umsögn, mótt. 3. nóvember 2015, um að bærinn Þverárkot verði skráður sem lögbýli að nýju. Einnig er lagt fram bréf Guðmundar Sigurðssonar framkvæmdarstjóra Búnaðarsamtaka Vesturlands, dags. 14. september 2015 og bréf Sveins Sigurjónssonar dags. 31. ágúst 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. janúar 2016. *Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. janúar 2016 samþykkt.*
- Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*
24. **100 ára afmæli Ljósmæðrafélags Íslands 2019, merking** Mál nr. US160078
- Í tilefni 100 ára afmælis Ljósmæðrafélags Íslands er lögð fram fyrirspurn félagsins varðandi merkingu fyrir framan húsið að Laugavegi 20, með merki félagsins og stofndeggi. *Vísad til meðferðar umhverfis- og skipulagsviðs.*
25. **Hlíðarendi, Fyrirspurn fulltrúa Framsóknar- og flugvallarvina** Mál nr. US160063
- Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 9. mars 2016 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa fulltrúa Framsóknar- og flugvallarvina. "Miklar jarðvegsframkvæmdir hafa verið unnar að Hlíðarenda, bæði fyrir og eftir ógildingu deiliskipulags fyrir Reykjavíkflugvöll er tók gildi með auglýsingu nr. 539/2014 í B-deild Stjórnartíðinda 6. júní 2014 og síðan úrskurðað ógilt af Úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála þann 17. desember 2015 vegna verulegra annmarka á málsmeðferð. Spurt er: 1. Hver er áætlaður heildarkostnaður Reykjavíkurborgar af framkvæmdum að Hlíðarenda? 2. Hvað hefur Reykjavíkurborg borið mikinn kostnað af framkvæmdum að Hlíðarenda frá upphafi framkvæmda til 1. mars 2016 og vegna hvaða framkvæmda? *Frestað.*
26. **Betri Reykjavík, Reynislundur - útivistarperla - Grafarholt (US2014120007)** Mál nr. US140230
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lögð fram efsta hugmynd nóvembermánaðar úr floknum ýmislegt "Reynislundur - útivistarperla - Grafarholt" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 28. nóvember 2014 ásamt samantekt af umræðum og rökum. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins, dags. 11. janúar 2016. *Umsögn dags. 11. janúar 2016 samþykkt.*
27. **Betri Reykjavík, gera hlaupastíg fyrir almenning í Laugardal (USK2016030034)** Mál nr. US160070
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindið „gera hlaupastíg fyrir almenning í Laugardal“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. febrúar 2016. Erindið var þriðja efsta hugmynd febrúarmánaðar 2016 í málaflokknum umhverfismál. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 31. mars 2016.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 31. mars 2016 samþykkt.

28. **Betri Reykjavík, gönguleiðaskilti** Mál nr. US160071
(USK2016030035)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „gönguleiðaskilti“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. febrúar 2016. Erindið var efsta hugmynd febrúarmánaðar 2016 í málaflokknum samgöngur. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 31. mars 2016.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 31. mars 2016 samþykkt.

29. **Betri Reykjavík, setja upp skilti sem minnir** Mál nr. US160073
á hraðahindruninar hjá
Hörpunni(USK2016030037)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „setja upp skilti sem minnir á hraðahindruninar hjá Hörpunni“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. febrúar 2016. Erindið var efsta hugmynd febrúarmánaðar 2016 í málaflokknum framkvæmdir. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 31. mars 2016.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 31. mars 2016 samþykkt.

30. **Bárugata 30, kæra 26/2016** (01.135.2) Mál nr. SN160250
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 26. febrúar 2016 ásamt kæru, þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa um að veita leyfi fyrir byggingu hæðar ofaná einbýlishús á lóð nr. 30 við Bárugötu.

Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra

31. **Vegamótastígur 7 og 9, kæra 16/2016,** (01.171.5) Mál nr. SN160089
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnendar umhverfis- og auðlindamála, dags. 1. febrúar 2016, ásamt kæru, ódags. móttekin 29. janúar 2016, þar sem kært er samþykkt deiliskipulag við Vegamótastíg 7-9, og Grettisgötu. Einnig lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra, dags. 10. mars 2016. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 30. mars 2016. Úrskurðarorð: Máli þessu er vísað frá.

32. **Gufunes, hugmyndasamkeppni um** (02.2) Mál nr. SN160149
framτίðarskipulag Gufunessvæðis í
Grafarvogi

Lagt fram bréf borgastjóra, dags. 18. mars 2016, um samþykki borgarráðs 17. mars 2016 um auglýsingu að samkeppnislýsingu, dags. 1. mars 2016.

33. **Kjalarnes, Saltvík, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN160083
260978-5789 Atli Jóhann Guðbjörnsson, Flétturimi 5, 112 Reykjavík
630191-1579 Stjórnuegg hf., Vallá, 116 Reykjavík

Lagt fram bréf borgastjóra, dags. 18. mars 2016, um samþykki borgarráðs 17. mars 2016 vegna auglýsingar á breytingu á deiliskipulagi Saltvíkur á Kjalarnesi.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 13:15.

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir
Gísli Garðarsson
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Sverrir Bollason
Hildur Sverrisdóttir
Ingvar Jónsson

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2016, þriðjudaginn 5. apríl kl. 10:45 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 869. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Björgvin Rafn Sigurðarson, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Björn Kristleifsson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Jón Hafberg Björnsson og Eva Geirsdóttir. Fundarritari var Björgvin Rafn Sigurðarson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

- Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr. BN050866
450314-0210 REYKJAVÍK DEVELOPMENT ehf., Grófinni 1, 101 Reykjavík
Sótt er um takmarkað byggingarleyfi fyrir jarðvinnu, undirstöðum og uppsteypu botnplötu og kjallaraveggja ásamt innsteyptum lögnum í vatnsheldan hjúp bílakjallara reita 1 og 2 að Austurbakka 2 sbr. BN048688.
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Samþykkt er að gefa út takmarkað byggingarleyfi en með þeim skilyrðum að áður en til útgáfu leyfis kemur hafi öllum gögnum samk.v 2. mgr. 2.4.5 gr. byggingarreglugerða nr. 112/2012 verið skilað inn, yfirfarin og samþykkt af byggingarfulltrúa.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
Samþykktin fellur úr gildi við útgáfu á endanlegu byggingarleyfi. Vegna útgáfu á takmörkuðu byggingarleyfi skal umsækjandi hafa samband við yfirverkfræðing embættis byggingarfulltrúa.
- Ármúli 5** (01.262.002) 103514 Mál nr. BN050326
621012-0100 F3 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að einangra og klæða að utan með sléttum álplötum, breyta innra skipulagi, byggja flóttastiga á austurgafli og innrétta gististað í flokki IV teg. hótél með 57 herbergjum í mhl. 01 á lóð nr. 5 við Ármúla.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. desember 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. desember 2015.
Erindi fylgir orkurammi dags. 21. nóvember 2015.
Stækkun: 180 ferm., 761 rúmm.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits á umsóknarblaði.
- Barónsstígur 28** (01.190.314) 102447 Mál nr. BN050660
470711-0270 Leiguþjónustan ehf., Lækjarfit 21, 210 Garðabær
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048209, innrétta gististað í flokki II, teg. e, með 10 gísteiningum á lóð nr. 28 við Barónsstíg.

Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

4. **Bíldshöfði 8** (04.064.001) 110667 Mál nr. BN050721
701277-0239 Brimborg ehf., Bíldshöfða 6, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta skrifstofur í rými 0001, koma fyrir glugga á vesturhlið, koma fyrir hurð með útgengi frá kjallara um hringstiga austanmegin út á lóð hússins á lóð nr. 8 við Bíldshöfða.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. mars 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. mars 2016.
Umsögn burðarvirkishönnuðar fylgir dags. 11. mars 2016
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
5. **Borgartún 26** (01.230.002) 102910 Mál nr. BN050838
590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að skipta rými 0103 í tvö rými 0103 og 0104, koma fyrir fiskverslun með veitingarekstur í flokki II með nýjum inngangi á norðurhlið í rými 0104 í húsinu á lóð nr. 26 við Borgartún.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
6. **Brávallagata 26** (01.162.338) 101311 Mál nr. BN050816
160283-5649 Gunnar Sigurðsson, Brávallagata 26, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN049235 þannig að sett er tvöföld svalahurð á íbúð 0201 í húsinu á lóð nr. 26 við Brávallagötu.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
7. **Breiðagerði 4** (01.816.002) 108070 Mál nr. BN050798
250459-3359 Hugrún Stefánsdóttir, Breiðagerði 4, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja rishæð með kvistum, breyta stofuglugga, gera útgang í garð úr bílskúr og breyta innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 4 við Breiðagerði.
Stækkun: 65,3 ferm., 157,6 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

8. **Brekkuhús 1** (02.845.601) 172483 Mál nr. BN050831
 440795-2189 RA 7 ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
 520602-2750 Ísbúð Vesturbæjar ehf., Hagamel 67, 107 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að innrétta ísbúð í rými 0204 í húsinu á lóð nr. 1 við Brekkuhús.
 Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
9. **Búðavað 17-19** (04.791.805) 209910 Mál nr. BN050777
 140368-3509 Ragnar Pálsson, Búðavað 19, 110 Reykjavík
 241169-3329 Guðrún Dröfn Ragnarsdóttir, Búðavað 19, 110 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN036876, sem sýnir breytt fyrirkomulag innveggja í húsinu nr. 19 á lóð nr. 17 til 19 við Búðavað.
 Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
10. **Einarsnes 36** (01.672.001) 106792 Mál nr. BN050771
 590500-3130 Skerjaver, Einarsnesi 36, 101 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN048966 þannig að snyrting er minnkuð í kaffihúsinu á lóð nr. 36 við Einarsnes.
 Bréf frá hönnuði dags. 31. mars 2016 vegna aðgengi.
 Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
11. **Fálkagata 34** (01.553.018) 106532 Mál nr. BN050839
 250981-3769 Gunnlaugur Magnús Einarsson, Norðurás 2, 110 Reykjavík
 Sótt er um samþykki á áður gerðum breytingum í íbúð 0101 sem felast í að eldhús er flutt inn í stofu og eldhús gert að herbergi og veggur fjarlægður og stálbiti settur í staðinn í alrými í fjölbýlishúsi á lóð nr. 34 við Fálkagötu.
 Meðfylgjandi er samþykki meðeigenda og sérteikningar burðarþolshönnuðar dags. 16. júlí 2004.
 Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrðaraðilar.
12. **Frakkastígur 26A** (01.182.317) 215204 Mál nr. BN050863
 680815-0620 Live ehf., Laufásvegi 70, 101 Reykjavík
 670614-0340 Taste ehf., Frakkastíg 26a, 101 Reykjavík
 Sótt er um byggingarleyfi að nýju, þar sem eldra leyfi BN048943 var felld úr gildi, til að stækka kvisti, stækka bíslag til norðurs, stækka glugga, einangra og klæða að utan með borðaklæðningu, breyta innra skipulagi og innrétta veitingahús í flokki II fyrir 48 gesti í húsi á lóð nr. 26A við Frakkastíg.
 Gjald kr. 10.100
Frestað.
Leggja þarf fram samþykki þinglýstra eigenda aðliggjandi lóðar. Lágmarksgjald ógreitt.

13. **Frakkastígur 8** (01.172.109) 101446 Mál nr. BN050534
500613-0170 Blómaþing ehf., Pósthólf 8814, 128 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048776, m. a. bæta við gluggum á norðurhlíð, gera nýjan inngang frá Laugavegi á nr. 41 og færa gaflvegg nr. 43 lítillega til vesturs, og innrétta gististað í flokki II, teg. íbúð, 23 einingar á efri hæðum húsanna Laugavegur 41, 43 og 45 á lóð nr. 8 við Frakkastíg.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
14. **Frakkastígur 8** (01.172.109) 101446 Mál nr. BN050783
500613-0170 Blómaþing ehf., Pósthólf 8814, 128 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja úr steinsteypu 4. áfanga, mhl. 01, íbúðir á öllum efri hæðum, niðurgraffinn bílakjallara og geymslur, verslanir og veitingahús á 1. hæð, sem tengist 1. og 2. áfanga, fjölbýlishús á lóð nr. 8 við Frakkastíg.
Stærðir: xx ferm., xx rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
15. **Grandagarður 8** (01.115.101) 100046 Mál nr. BN050795
450105-4810 Víkin - Sjóminjasafn í Re ses., Grandagarði 8, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN045353, stækka eldhús, koma fyrir fatahengi, anddyri og breyta útidyrhurð í húsi á lóð nr. 8 við Grandagarð.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
16. **Grensásvegur 16** (01.295.403) 103850 Mál nr. BN049072
471287-1729 Húsfélagið Grensásvegi 16, Grensásvegi 16, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum innri breytingum á 3. og 4. hæð í húsinu á lóð nr. 16 við Grensásveg.
Gjald kr. 9.823+10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
17. **Grensásvegur 24** (01.801.214) 107635 Mál nr. BN049754
680501-3350 Samasem ehf, Grensásvegi 22-24, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á erindi BN046421 þar sem koma fram innri breytingar í kjallara, 1. hæð og 2. hæð í húsinu á lóð nr. 24 við Grensásveg.
Gjald kr. 9.823 + 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits á umsóknarblaði.
18. **Grettisgata 41** (01.173.124) 101541 Mál nr. BN050435
240782-5459 Gunnar Sigvaldi Hilmarsson, Grettisgata 41, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að hækka ris og endurbyggja og til að byggja staðsteypa viðbyggingu aftan við einbýlishús á lóð nr. 41 við Grettisgötu.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. febrúar 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. febrúar 2016.

Stækkun: 149 ferm., 330,1 rúmm.

Stærð eftir stækkun: 188,3 ferm., 598,5 rúmm.

Gjald kr. 9.823

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

19. **Grjótháls 7-11** (04.304.001) 111019 Mál nr. BN050727

490911-2510 Kolefni ehf., Skólavörðustíg 18, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í mhl. 01 og 02 og reisa 3 nýja lagertanka mhl. 12, 13 og 14 fyrir bjórframleiðslu sem verða staðsettir úti á milli mhl. 01 og 02 á lóð nr. 7-11 við Grjótháls.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. apríl 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. mars 2016.

Stærðir á nýjum lagertönkum eru: Mhl. 12 er 8,5 ferm., 88,7 rúmm. Mhl. 13 er 8,0 ferm., 72,5 rúmm. Mhl. 14 er 8,0 ferm., 72,5 rúmm. Samtals 24,5 ferm., 233,7 rúmm.

Gjald kr. 10.100

Synjað.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 31. mars 2016.

20. **Gullteigur 4** (01.360.209) 104524 Mál nr. BN050645

270777-4069 Atli Freyr Þórðarson, Gullteigur 4, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á 3. hæð sem eru þær að komið er fyrir salerni í þvottahúsi, útibúin eru tvö svefnherbergi og eldhús er fært í norðvesturhorn íbúðar í húsinu á lóð nr. 4 við Gullteig.

Gjald kr. 10.100 + 10.100

Frestað.

Leggja skal fram samþykki meðeigenda.

21. **Háagerði 89** (01.817.404) 108151 Mál nr. BN050554

210367-5519 Guðmar Einarsson, Háagerði 89, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja kvisti á suður og norður hlið og anddyri á vesturgafli einbýlishúss á lóð nr. 89 við Háagerði.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 19. febrúar 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. febrúar 2016 og bréf þar sem óskað er grenndarkynningar á byggingarleyfisumsókn.

Stækkun: 10,2 ferm., 4,9 rúmm.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu. Vísað er til uppdráttar nr. 01, 02 og 03 dags. 7. mars 2016.

22. **Heiðnaberg 12-16** (04.671.005) 112115 Mál nr. BN050785

311256-3519 Kári Ólafsson, Heiðnaberg 16, 111 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að rífa niður garðskála sem samþykktur var og byggður 27. apríl 1989 við raðhús nr. 16 við Heiðnaberg.

Niðurrif samtals: 15,9 ferm., 57,00 rúmm.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

23. **Hlíðarendi 4** (01.629.803) 220841 Mál nr. BN050613

670269-2569 Knattspyrnufélagið Valur, Laufásvegi Hlíðarenda, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt fjögurra hæða fjölbýlishús með 40 íbúðum og atvinnurýmum á jarðhæð á lóð nr. 4 við Hlíðarendu.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 8. febrúar 2016 og brunahönnun frá EFLU dags. í febrúar 2016.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. apríl 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. mars 2016.

Stærð A-rými: 4.522,6 ferm., 15.451,9 rúmm.

